

Samningur

um þróun aðstöðu fyrir störf án staðsetningar

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, í þessum samningi nefnt verkkaupi og Sigtún þróunarfélag ehf, kt. 551012-1310, í þessum samningi nefnt verksali, gera með sér eftirfarandi samning:

1. Markmið samningsins

Samningur þessi er gerður með vísan í sambærilegan samning á milli Samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneytisins og Sigtúns þróunarfélags ehf. sem er dagsettur 1. júlí. Markmið þess samnings er að styðja við og þróa áfram hugmyndafræðina bak við verkefni stjórnvalda, Störf án staðsetningar, sem gengur út á að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki ráðuneyta og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðunum.

Þá er verkefninu ætlað að draga úr ferðaþörf og styðja við aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Vegna mikils fjölda ríkisstarfsmanna sem lögheimili eiga í Sveitarfélagini Árborg og nærliggjandi sveitarfélögum og starfa hjá ríkisstofnunum með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu eru væntingar um að tilraunaverkefnið geti skapað mikilvæga reynslu sem byggja má á til lengri tíma litið.

Markmiðið Svf. Árborgar með þátttöku í verkefninu er að gera sveitarfélagið að betri búsetukosti, auka atvinnutækifæri og nýsköpun, byggja upp þekkingarklasa og auka hagnýtingu í þróun skrifstofurýma fyrir starfsfólk sveitarfélagsins, ásamt því að styðja við viðleitni stjórnvalda og atvinnulífs til þessarar uppbyggingar.

2. Skilgreining verkefnisins

Verkefnið er tilraunaverkefni til tveggja ára sem felur meðal annars í sér að meta ávinning þess að starfsmönnum sveitarfélagsins standi til boða starfsaðstaða utan veggja sinna deilda eða sviða, jafnt til þess að mæta tímabundinum breytingum á starfsemi eða aðstöðu, eða til almennrar hagræðingar í húsnæðismálum sveitarfélagsins.

Verkefnið tekur til þess að verksali útbýr alhliða starfsaðstöðu í Landsbankahúsinu, Austurvegi 20 á Selfossi ætlað fyrir starfsfólk ríkisins, starfsfólk sveitarfélagsins og starfsfólk almennra fyrirtækja. Í aðstöðunni verða fjölnota vinnurými (kaffihúsafyrirkomulag) fyrir 40 einstaklinga, aðstaða fyrir 25 einstaklinga við skrifborð með tölvuskjám, aðstaða fyrir 15 einstaklinga í vinnustöðvum í setustofu, tvö 6-8 manna fundarherbergi, og fjögur 2-4 manna fundarrými. Öll fundarherbergi eru með nútíma-búnaði til fjarfunda. Innifalinn er aðgangur að prentara, pappír og háhraða interneti. Jafnframt annast verksali almenna þjónustu, umsjón og þrif. Á staðnum verður vínveitingaleyfi og seldar léttar veitingar t.d. fyrir móttökur.

Svf. Árborg hefur heimild til að nýta rýmin fyrir daglega starfsemi en einnig panta endurgjaldslaust aðstöðuna fyrir stærri samkomur og vinnufundi. Svf. Árborg fær aðgang fyrir allt að 40 starfsmenn sveitarfélagsins eða starfsfólk stofnana á vegum þess. Tilgangur verkefnisins er að leiða saman á einum stað fjölbreytta flóru starfsfólks úr ýmsum greinum atvinnulífsog því verður starfsfólk sveitarfélagsins hluti af stærri heild. Verksali mun leitast við að fjölga rýmum á álagstínum í takti við eftirspurn ef þörf er á.

Verksala er heimilt til að leigja stærri rými, t.d. ris í Landsbankahúsinu, undir einkasamkvæmi eftir kl. 16:00 á daginn.

[3. Hlutverk og ábyrgð verksala.](#)

Verksali sér um framkvæmd verkefnisins sem samningur þessi tekur til og að það fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Verksali skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.

Verksali býður upp á húsnæði í nútímalegu vinnuumhverfi með sveigjanlegum starfsstöðum, samrekstri og góðri nýtingu innviða til að hámarka ávinning sem hlýst af nýrri tækni og nýjum vinnu-aðferðum. Verksala er óheimilt að innheimta gjald fyrir aðstöðuna.

Verksali heldur utan um upplýsingar um hverjir nýta sér starfsaðstöðuna. Þar skal meðal annars koma fram nafn og búseta starfsmanns, vinnustaður. Verksali gerir verkkaupa á sex mánaða fresti grein fyrir nýtingu og framvindu verkefnisins. Við lok verkefnisins skili verksali ítarlegrí greinargerð um árangur verkefnisins miðað við sett markmið. Þar skal sérstaklega gera grein fyrir reynslu notenda og hvaða þættir kunna að hafa áhrif á ákvörðun um nýtingu aðstöðunnar.

Verksali tekur að sér að kynna úrræðið fyrir stofnunum sveitarfélagsins sem kunna að vilja nýta sér það vegna sinna starfsmanna. Verksali annast samskipti við viðkomandi deildir og starfsmenn vegna afnotaréttar af rýmum, hvort sem er til lengri eða skemmri tíma. Verksali skal leitast við að nýting sé að jafnaði ekki minni en 75%.

Verksali mun leita eftir samstarfi við sveitarfélög, Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga og fyrirtæki um frekari þróun aðstöðu fyrir störf án staðsetningar á svæðinu.

Verksali ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til í tengslum við samning þennan.

[4. Ábyrgð verkkaupa](#)

Verkkaupi skuldbindur sig til að greiða framlag, sbr. 5. gr. samnings þessa.

[5. Greiðslur og greiðslutilhögun](#)

Framlag verkkaupa til samningsins er allt að 20 milljónir króna á samningstímanum. Framlögin eru greidd inn á bankareikning verksala í Landsbanka Íslands nr. 0152-26-21310.

Framlagið greiðist þannig að 6.000.000 króna greiðist í kjölfar gildistöku samnings þessa. Fyrir 1. mars 2022 greiðast 10.000.000 króna, enda liggi fyrir framvinduskýrsla. Framlags ársins 2023 er samtals 4.000.000 króna. Þar af greiðast 3.000.000 króna fyrir 1. mars 2023 og lokagreiðsla, 1.000.000 króna greiðast þegar fyrir liggur samantekt á framvindu samningsins og ávinningi af verkefninu eigi síðar en 30. september 2023.

[6. Upplýsingar, samskipti og eftirlit](#)

Verkkaupi hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

Verkkaupi hefur heimild til að fresta greiðslum þar til staðið hefur verið við ákvæði um skil á upplýsingum.

Verksali skilar verkkaupa upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.

Verksali veitir verkkaupa upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins.

Verkkaupi hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

[7. Vanefndir og meðferð ágreinings](#)

Verksali tilkynnir verkkaupa tafarlaust ef talinn er leika vafi á að hann geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem hann hyggst grípa til. Verkkaupi skal að sama skapi tilkynna verksala tafarlaust ef hann telur að vafi leiki á að staðið sé við ákvæði samningsins.

Verkkaupa er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli verksali ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

[8. Gildistími og lok samnings](#)

Samningurinn gildir frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2023.

Óski annar hvor samningsaðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega og ástæður tilgreindar með þriggja mánaða fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Svf. Árborgar,

Selfossi, 1. júlí 2021

Aura Þ. Gunnarsdóttir Vigd Þorðarsen
 Sveitarfélagið
ARBORG
Jón J. Jóhannsson